





UN WOMEN ALDREI MIKILVÆGARI

UN Women er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem vinnur alfarið í þágu kvenna og jafnréttis og er leiðandi í baráttunni fyrir bættri stöðu kvenna og stúlkna um allan heim. Meginhlutverk UN Women er afnám ofbeldis gegn konum og stúlkum, kvenmiðuð neyðaraðstoð, útrýming fátæktar og að efla pólitíska þátttöku kvenna. Kynjamismunur er rótgróin í öllum samfélögum heimsins og vegna COVID-19 heimsfaraldursins hefur orðið mikið bakslag í baráttunni. Samtökin hafa því aldrei verið mikilvægari en einmitt núna. Á hverjum degi þurfa konur að þola ofbeldi og ójöfnuð, skort á atvinnutækifærum og lægri laun en karlmenn, hljóta hvorki menntun né heilbrigðisþjónustu og fá hvorki sæti við samningaborðið né koma að ákvarðanatökum. UN Women vinnur að því að breyta þessu með því að veita tæknilegan og fjárhagslegan stuðning til verkefna sem ætlað er að efla réttindi kvenna, þátttöku þeirra í stjórnámum,

efnahagslegt sjálfstæði og stuðla að afnámi ofbeldis gegn konum og stúlkum. Að sama skapi vinnur UN Women að því að tryggja réttindi kvenna og stúlkna um allan heim og þrýsta á að aðildarríki Sp taki mið af Kvennasáttmála Sp (CEDAW) sem og fylgi framkvæmdaáætlun Peking sáttmálans hvað varðar réttindi kvenna og stúlkna. Höfuðstöðvar UN Women eru í New York en starfsfólk, sjálfboðaliðar og velunnarar starfa í nærri 150 löndum víðsvegar um heim. Verkefni UN Women eru unnin í samræmi við svæðisbundinn veruleika í Afríku, Asíu og Kyrrahafinu, Suður Ameríku og Karíbaeyjum, Mið- og Austur Evrópu og fyrrverandi Sovétlýðveldum. UN Women á Íslandi er ein af tólf landsnefndum UN Women. Við vinnum að því að vekja athygli almennings á þörfum kvenna í fátækari löndum og starfi UN Women, afla fjár til starfsins og hvetja stjórnvöld til að taka þátt í því.



EFNISYFIRLIT

Útgefandi: UN Women á Íslandi
Forsíðumynd: UN Women
Myndir: Anna Maggý, Birta Rán Björgvinsdóttir
og myndir úr safni UN Women.
Uppsetning: Litróf - umhverfisvottuð prentsmiðja

Ávarp utanríkisráðherra.....	3	Fjármál.....	14
Ávarp formanns.....	4	Stuðningur utanríkisráðuneytisins við starf UN Women	15
Fjáröflun.....	5	Overview.....	16
Vitundarvakning.....	9	Við erum UN Women	19
Kynningarstarf og fræðsla.....	12		

UN Women á Íslandi • Laugavegi 77, 4. hæð
101 Reykjavík • Sími 552 6200 • www.unwomen.is



ÁVARP UTANRÍKISRÁÐHERRA

Ísland hefur sterka stöðu á sviði jafnréttismála á alþjóðavettvangi og hefur mælst efst á lista Alþjóðafnahagsráðsins yfir kynjajafnrétti frá árinu 2009. En það er mikilvægt að hafa í huga að þær framfarir sem orðið hafa í jafnréttismálum hér á Íslandi komu ekki til að sjálfum sér heldur byggja þær á þrotlausri vinnu og hugrekki kvenna sem hófu baráttuna og ruddu brautina. Rótgróin lýðræðishefð, samstöðumáttur kvenna, öflugt grasrótastarf, sterkar fyrirmyndir og mikilvægar réttarumbætur hafa skipt sköpum og haft samverkandi áhrif til árangurs. Stjórnvöld hafa sömuleiðis gripið til markvissra aðgerða til að jafna stöðu kynjanna og innleitt löggjöf sem styrkt hefur stöðu kvenna.

Jafnréttismálin hafa um árabil verið þverlæg áhersla í þróunarsamvinnu Íslands og samþætt allri mála fylgju á alþjóðavettvangi. UN Women er ein af áherslustofnunum í þróunarsamvinnu og við getum verið stolt af því að Ísland er meðal þeirra ríkja sem veita hvað hæst framlög til stofnunarinnar. Fyrir á þessu ári var Ísland kjörið í varaforsæti UN Women og situr fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í stýriningd stofnunarinnar. Utanríkisráðuneytið hefur sömuleiðis átt gott samstarf við landsnefnd UN Women á Íslandi í fjölda ára og ljóst er að hún gegnir afar mikilvægu hlutverki í að vekja athygli Íslendinga á þörfum kvenna og starfsemi UN Women í þágu kvenna og stúlkna á heimsvísu.

Jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna er undirstaða sjálfbærrar þróunar og helst í hendur við aukinn frið og öryggi. Sérstaða kvenna og stúlkna á ataksvæðum og í friðaruppbýggingu var viðurkennd á vettvangi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna með ályktun 1325 um konur, frið og öryggi sem samþykkt var árið 2000 og hafa átök undanfarinna mánaða og ára bersýnilega leitt í ljós mismunandi áhrif

stríðs og óstöðugleika á ólík kyn. Þetta sést glögg allt frá Afganistan til Úkraínu, og frá Tigray til Jemen.

Þá hefur heimsfaraldur COVID-19 haft viðamiklar afleiðingar sem hafa ekki síst bitnað á konum og stúlkum um heim allan. Tilkynningum um heimilisofbeldi hefur fjölgað, stúlkur flosnuðu úr námi og tíðni barnahjónabanda og þungana unglingsstúlkna hefur aukist.

Íslensk stjórnvöld hafa lagt ríka áherslu á jafnrétti kynjanna á alþjóðavettvangi og Ísland leiðir alþjóðlegt aðgerðabandalag um kynbundið ofbeldi í tengslum við verkefnið Kynslóð jafnréttis, sem er stærsta verkefni UN Women til þessa. Á þeim vettvangi hefur Ísland skuldbundið sig til aðgerða bæði innanlands og utan. Forsætisráðherra tilkynnti um skuldbindingarnar síðastliðið sumar og fjalla þær í megindráttum um aðgerðir til að uppræta kynbundið ofbeldi með auknum forvörnum, bættu samráði um aðgerðir gegn ofbeldi og eflingu þjónustu og stuðningsúræða við bæði þolendur og gerendur. Sérstök áhersla er einnig á að ná betur til drengja og karla í forvarnarstarfi og að ráðast í aðgerðir gegn stafrænu kynferðisofbeldi og úrbætur í réttarvörslukerfinu sem fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar í málaflokknum.

Ísland mun halda áfram að beita sér fyrir jafnrétti kynjanna á alþjóðavettvangi og hefur þar sterka rödd og góða sögu að segja. En þótt margvíslegur árangur hafi hlotist á undanförunum árum er ekki síður mikilvægt að mæta þeim áskorunum sem við stöndum enn frammi fyrir. Verkefni framtíðarinnar eru svo sannarlega ærin, bæði hér heima og á alþjóðavettvangi.

*Pórdís Kolbrún Reykjavörð Gylfadóttir,
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra*



ÁVARP FORMANNS

Árið 2021 var óvenjulegt og krafðist hugmyndaauðgi, sveigjanleika og vilja til að finna nýjar leiðir í starfi UN Women á Íslandi. Með samtakamætti starfsfólks og stjórnar tókst okkur að ná þeim markmiðum sem við höfðum sett okkur, þrátt fyrir COVID-19 og mikla starfsmannabreytingar á skrifstofunni. Á þessu starfsári héldum við áfram að takast á við það bakslag sem átt hefur sér stað í jafnréttisbaráttunni á heimsvísu og lögðum mikla áherslu á áframhaldandi fjáröflun, vitundavakningu og fræðslu.

Verkefni UN Women á Íslandi voru áfram fjölbreytt og skapandi. Í samstarfi við Íslandsbanka hófum við árið á framleiðslu á kynningarátakinu „Aha augnablik“ með góðum árangri. Stóra myndin: COVID og heimsbyggðin, fræðsluþáttur og verkefni sem við leiddum fyrir hönd félagsamtaka Frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu var sýndur á RÚV í febrúar. Við fögnuðum alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars með opnunarbjöllu Nasdaq sem hringt var fyrir jafnrétti. Að auki stóðum við fyrir táknrænum mótmælum í Þjóðleikhúsinu ásamt fjölda frjálsra félagasamtaka þar sem meðferð réttarkerfisins á konum sem beittar hafa verið ofbeldi var hafnað og krafist úrbóta. Í mars hófum við samstarf við Karlmannskan, ásamt Háskóla Íslands, Stígamótum og Píeta samtökunum þar sem við vöktum athygli á jákvæðri karlmennsku á samfélagsmiðlum. Við lögðum mikla áherslu á að benda á þann skuggafaraldur sem aukið ofbeldi hefur verið á tímum heimsfaraldurs COVID. FO herferðin okkar var að sjálfsögðu á sínum stað.

Við lögðum áherslu á Kynslóð jafnréttis – verkefni sem við tókum þátt í af fullum krafti í stýrihópi stjórnvalda, aukinni áherslu á samstarf við fyrirtæki auk framleiðslu viðtalsseríu á okkar miðlum. Kynslóðarverkefnið veitir okkur ný tækifæri í samstarfi sem hefur það að markmiði að knýja á breytingar í þágu jafnréttis og hraða þannig fyrir þeim nauðsynlegu samfélagslegu breytingum sem löngu eru orðnar tímabærar. Götukynningarnar okkar voru á sínum stað, við mjög krefjandi aðstæður. Haustið einkenndist svo af hryllingi í Afganistan og áframhaldandi #MeToo áherslum. Það var svo sannur heiður að taka á móti Christinu Lamb, rithöfundu og yfirmanni

erlendra fréttu hjá Sunday Times, á málþingi sem við héldum þann 14. október. En hún hefur haft mikil áhrif á orðræðu og skilning okkar allra á þann hrylling sem blasir við konum í stríðsátökum um heim allan.

Fjáröflun samtakanna gekk vonum framár. Götukynningar og símaver eiga þar stóran hlut, auk þátttöku þúsunda Íslendinga í SMS herferðum sem við stóðum fyrir á árinu. Táknrænar gjafir seldust mjög vel auk annars varnings í tengslum við FO herferðina. Ljósberarnir, okkar mánaðarlegu styrktaraðilar, eru bakbein samtakanna en 1.159 nýir Ljósberar bættust í hópinn á árinu og eru þeir því orðnir rúmlega 9.500 talsins. Markmiðið fyrir árið 2022 er að koma okkur yfir 10.000 múrinn. Í fyrsta sinn var kynjahlutfall nýrra mánaðarlegra styrktaraðila nánast jafnt og eru karlmenn farnir að veita samtökunum meiri stuðning en áður. Sjötta árið í röð sendum við hæsta frjáframlag allra landsnefnda UN Women til verkefna samtakanna, óháð höfðatölu. Á sama tíma og við stóðum frammi fyrir gríðarlegum áskorunum á árinu vegna COVID, jukust tekjur okkar um 13% á árinu og framlög til verkefna UN Women jukust um 11%. Við erum gríðarlega stolt af þessum árangri.

UN Women á Íslandi þakkar íslenskum stjórnvöldum kærlega fyrir þann stuðning sem samtökin finna fyrir. Utanríkisráðuneytið studdi áfram við okkar mikilvægu verkefni og það gerði forsætisráðuneytið líka í fyrsta sinn. Við hlökkum til samstarfs við Þórdísi Kolbrúnu Reykjavíkur Gylfadóttur, nýjan utanríkisráðherra sem tók við embættinu í lok árs 2021. Þörfin á kvenmiðaðri neyðaraðstoð og áherslur okkar á að konur fái sæti við borðið þegar kemur að friðarviðræðum og lýðræðisuppbyggingu hefur sjaldan verið mikilvægari en nú, þegar stríð geisar í Úkraínu og Evrópu á ný. Ófriður og óöryggi hefur gríðarleg áhrif á líf kvenna, eykur hættuna á ofbeldi og miska sem ekki verður bættur.

Ég vil þakka öllu okkar velvildarfólki á Íslandi, starfsfólki samtakanna og stjórn. Við erum tilbúin í nýtt ár og nýjar áskoranir – með þrána fyrir bættum hag, öryggi og velferð kvenna og stúlkna að leiðarljósi.

Arna Grímsdóttir, formaður stjórnar UN Women á Íslandi



FJÁRÖFLUN

Ljósberar

Líkt og fyrr ári eru Ljósberar, mánaðarlegir styrktaraðilar UN Women, allra mikilvægasta tekjuöflun samtakanna.

Það er ómetanlegt fyrir frjáls félagsamtök að geta reitt sig á reglulega innkomu til þess að geta gert ráð fyrir fjármagni í hin óteljandi verkefni sem samtökin standa fyrir. Framlög Ljósbera gera UN Women kleift að vinna áfram að því að valdefla konur og stúlkur um allan heim og veita þeim von.

Tæplega 85% af framlagi landsnefndarinnar safnaðist í gegnum styrki frá Ljósberum og sjötta árið í röð sendi íslenska landsnefndin hæstu framlög allra landsnefnda UN Women, en alls eru þær tólf talsins og starfa víðsvegar um heim. Það fyllir okkur ekki aðeins stolti heldur þakklæti. Ljósberarnir eru hjartað og bakbeinið í okkar starfi og sýna okkur hvað er mögulegt að gera ef viljinn er fyrir hendi.

Á árinu 2021 skráðu 1.159 manns sig sem Ljósbera og var sérstaklega ánægjulegt að sjá að í fyrsta sinn voru hlutföll kynjanna nánast jöfn, en af nýskráðum voru 51% konur og 49% karlar.

Mikið kapp var lagt á það að leita leiða til þess að ná til fjölbreyttari hóps, ná til karla og kvenna og einnig að auka þátttöku fólks sem býr á landsbyggðinni. Niðurstöður ársins sýndu aukningu um 4% milli ára í nýskráningum frá landsbyggðinni og 8% aukningu í nýskráningum karla. Einnig tók ungt fólk við sér þetta árið

og meðalaldur nýskráðra árið 2021 var 38 ár, en meðalaldur allra Ljósbera er tæp 48 ár.


Þróun framlaga

Frá árinu 2014 hefur Ljósberum fjölgað jafnt og þétt og hafa aldrei verið fleiri en í lok árs 2021 þar sem þeir voru orðnir 9.590 talsins. Enn mikilvægara er þó þróun framlaga Ljósberanna en í gegnum gríðarlega öflugt starf fjáröflunardeildar hefur tekist að hækka framlög um tæp 13% síðan 2019. Þetta er gert með vel skipulagðri samskiptaáætlun þar sem tengsl við styrktaraðila og fræðsla til þeirra skilar sér í því að þeir hækka framlag sitt til samtakanna í gegnum hækkanasímtal. Þetta er lykilatriði í þessu svokallaða ferðalagi styrktaraðilans (e. Donor journey), að það sé vel haldið utan um

viðkomandi frá fyrstu gjöf til þess að draga úr líkum á því að styrktaraðili ákveði að hætta að styrkja og sé líklegri til að hækka framlagið.

Á árinu voru afskráningar töluvert fleiri en áætlað var en þetta er langflóknasti hluti ferðalagsins, að lágmarka fjölda þeirra sem ákveða að hætta að styrkja. Síðustu ár í COVID-19 heimsfaraldrinum hafa sýnt að afskráningar aukast í þessum aðstæðum og langflestir sem afskrá sig tala um að þau geri það vegna fjárhagslegra erfiðleika, sem er beinn fylgifiskur þess að eiga við atvinnuleysi og óstöðugleika á tímum COVID-19.

COVID-19 hafði einnig mikil áhrif á árangur nýskráninga yfir sumarið. Eftir samkomutakmarkanir og langvarandi grímuskyldu mátti greina ákveðna þreytu í fólki og skráningar



Myndin sýnir fjölda mánaðarlegra styrktaraðila milli ára.

yfir sumartímamann voru vonbrigði. Í lok sumars voru samtökin töluvert frá þeim markmiðum sem sett höfðu verið í upphafi árs varðandi nýskráningar og það þurfti að bregðast við því með því að halda götukyningum áfram fram á vetur. Einnig var ákveðið að efla úthringiverið til þess að afla nýrra Ljósbera og enda árið á sterkum grunni.

Götukyningar vetrarins gengu vel og hjá samtökunum starfaði öflugt teymi af ungum stúlkum sem einsettu sér að fræða almenning um átökin sem áttu sér stað í Afganistan eftir valdatöku talíbana, og hversu mikilvægt það er að UN Women tryggi að raddir afganskra kvenna haldi áfram að heyrast, meðal annars með því að veita þeim fjárhagsaðstoð, sem Ljósberar gera í gegnum framlög sín.

Til þess að UN Women hafi tök á að veita stuðning og fjármagn til kvenna þar sem neyðin er mest var 85% af heildarframlögum okkar varið í svokölluð kjarnaframlög, en þau tryggja fjárhagslegan grunn verkefna sem stuðla að valdeflingu kvenna og greina þarfir kvenna í neyð. Eyrnarmerkt voru 9% af framlögum UN Women á Íslandi og voru þau send til verkefna í Mið-Afríkulýðveldinu og í neyðarsöfnun til Afganistan.

6% af framlögum okkur var varið í Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis, en tilgangur sjóðsins er að afnema ofbeldi gegn konum og stúlkum. Þessi sjóður starfar náið með grasrótarsamtökum á átakasvæðum sem tryggir réttar boðleiðir hvað varðar valdeflingu kvenna og upprætingu kynbundins ofbeldis.

Afganistan

Það fór ekki framhjá neinum sú hætta sem skapaðist fyrir konur og stúlkur í Afganistan eftir valdatöku talíbana í landinu í ágúst 2021. Staða kvenna í landinu hefur versnað til muna eftir að talíbanar hrifsuðu til sín völdin. Það hefur ríkt alvarlegur fæðuskortur, algjört efnahagshrun og átökin haft mikil áhrif á líf kvenna og stúlkna og þá sérstaklega einstæðra kvenna.

UN Women hefur verið, og verður áfram, til staðar í Afganistan til þess að styðja við konur og stúlkur sem

HVER ER LJÓSBERI UN WOMEN?

Ljósberinn er þú og ég. Ljósberinn er aðili sem hefur tök á því að láta gott af sér leiða í gegnum framlag sitt til mannréttinda- og góðgerðasamtaka líkt og UN Women og taka beinan þátt í að valdefla konur og stúlkur.

Ljósberinn lætur sig mannréttindi varða og stendur með þolendum ofbeldis og sýnir það í verki með því að styrkja starfið mánaðarlega, fræðast um stöðu kvenna og áhrif átaka á líf þeirra og barna þeirra.

Ljósberarnir okkar vilja taka þátt í að breyta heiminum og gera hann að betri stað fyrir fólk af öllum kynjum, uppruna og búsetu.



Kristbjörg Kjeld í Skuggafaraldurs herferð UN Women Íslandi.

búa nú við gjörbreyttan veruleika. Samtökin hafa starfað á svæðinu í hátt í 10 ár við að vernda óbreytta borgara og tryggja lífsbjargandi þjónustu og styðja afgönsk grasrótarsamtök í sinni vinnu. Grasrótarsamtök sem vinna að því að afnema kynbundið ofbeldi, veita sálræna- og lagalega aðstoð og nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.

UN Women hóf SMS söfnun fyrir konur og stúlkur í Afganistan í ágúst 2021 til þess að vekja athygli almennings á málstaðnum og þrýsta á stjórnvöld til þess að grípa inn í og tryggja að grundvallarmannréttindi kvenna og stúlkna sé virt.

Skuggafaraldur — áhrif COVID-19 á konur

Í maí var hrint af stað sérstakri Skuggafaraldurs herferð UN Women á Íslandi, með það að markmiði að fjölga Ljósberum í gegnum fræðsluherferð.

Markmið herferðarinnar var að upplýsa almenning um þá aukningu kynbundins ofbeldis sem tengdist beint COVID-19 heimsfaraldrinum en virtist þó falla í skuggann af þeirri umræðu. Tilgangur herferðarinnar var að vekja fólk til umhugsunar um þá ógn sem steðjar að konum og stúlkum við erfiðar aðstæður. Margar konur og stúlkur voru einangraðar og bundnar heimilinu með ofbeldisfullum mökum sem, vegna samkomu- og útgöngubanna, notfæra sér það vald. Á sama tíma hafa konurnar minni tekjur og takmarkað aðgengi að þjónustu og stuðningi samfélagsins.

Á heimsvísu hafa yfir 240 milljónir kvenna þurft að þola ofbeldi af hendi nákominna aðila á síðustu tólf mánuðum og á sama tíma er fjármagni í neyðaraðstoð oft beint frá nauðsynlegri stoðþjónustu á borð við kvennaathvörf og neyðarlínur.

Í ljósi þessa er starf UN Women ómetanlegt fyrir konur sem búa við þessar aðstæður. UN Women vinnur að því að fyrirbyggja ofbeldi gegn konum og stúlkum með fræðslu að vopni, tryggja þolendum viðeigandi



Palestínsk kona með ungbarn. Táknræn jólagjöf UN Women var sálræn aðstoð til palestínskrar konu.

aðstoð, veita fjárhagslega aðstoð og nauðsynlega grunnþjónustu.

Ljósberar taka beinan þátt í þessari vinnu með framlögum sínum.

Táknrænar gjafir

Á hverju ári leggur UN Women áherslu á sölu táknrænna gjafa og beinir með því sjónum að stöðu kvenna, oft á ákveðnum svæðum. Fyrir jólin fór af stað sala táknrænna jólagjafa og í ljósi atburða liðinna mánaða var ákveðið að halda áfram að beina kastljósinu að Afganistan með neyðarpakka handa afganskri konu, námsstyrk fyrir stúlkur í Malaví, sálræna aðstoð í Palestínu og svo mömmupakka, sem styður nýbakaða móður í Zaatarí flóttamannabúðunum í Jórdaníu.

Neyðarpakki handa konu í Afganistan var söluhæsta táknræna gjöfin árið 2021, en hann innihélt nauðsynjar á borð við fjölnota tíðarvörur, tannbursta og tannkrem, þvottaefni, nærfatnað og handklæði. Námsstyrkurinn er jafnframt vinsæl gjöf og veitir stúlku í Malaví sem hefur verið leyst úr þvinguðu barnahjónabandi námsgögn og skólabúning. Sálræn aðstoð í Palestínu var gjöf sem miðaði að því að veita konum, sem misst hafa maka í átökunum, aðgang að sálfræðitímum. Ekkjur glíma ekki aðeins við áfallið tengdu makamissinum, heldur hafa þær oft á tíðum líka misst heimili sín, fyrirvinnu og standa eftir réttindalausar. Sálræn aðstoð gefur þeim tækifæri á að takast á við áföllin og framtíðina.

Að síðustu er það mömmupakkin, en sá pakki veitir móður í Zaatarí flóttamannabúðunum, þar sem UN Women starfrækir griðarstað fyrir konur og börn þeirra, burðarrúm, ungbarnaföt og ullarsjal.

Á Íslandi hefur í mörg ár tíðkast að fyrirtæki taki þátt í ýmis konar alþjóðlegum afsláttardögum og UN Women tók einmitt þátt í einum slíkum, Svörtum föstudegi. Á þessum degi auglýstum við hins vegar engan afslátt; það var enginn afsláttur gefinn af mannréttindum kvenna og stúlkna. Með þessu settu samtökin fókus á bága stöðu kvenna í heiminum og að aldrei megi slá af í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi enda hafi heimsfaraldurinn haft neikvæðar afleiðingar á réttindabaráttu kvenna og stigin hafi verið skref aftur á bak í þeim efnum.

FO bolurinn 2021

Stærsta herferð ársins var líkt og fyrri ár FO herferðin, sem hófst 19. október. UN Women seldi sérhannaða boli og var hagnaður verkefnisins eyrnamerkur verkefnum UN Women í Mið-Afríkulýðveldinu (CAR). Tíðni kynbundins ofbeldis í Mið-Afríkulýðveldinu er sérlega há og eru fjölskyldur kvennanna og eiginmenn þeirra á meðal gerenda. Brjóst stúlkna eru straujuð niður (89,4%), kynfæri þeirra eru limlest (85%) og um 78% stúlkna eru þvingaðar í hjónaband á barnsaldri. Meira en helmingur giftra kvenna hafa verið beittar kynferðislegu

ofbeldi af hendi maka og 55% þeirra eru beittar fjárhagslegu ofbeldi. Þá hafa 58% kvenna verið beittar kynferðislegu ofbeldi af hendi skæruliðahópa og friðargæsluliða. Gjarnan er talað um Mið-Afríkulýðveldið sem gleymda ríkið, landið er eitt hið fátækasta í heimi þrátt fyrir gríðarlegar náttúruauðindir og eru konurnar þar að auki ómenntaðar og ólæsar að mestu. Óstöðugleiki, fátækt og menntunarskortur er mikill og staða kvenna og stúlkna sérstaklega slæm. Með sölu á bolnum vildi UN Women minna á að samtökin gleyma ekki þessum konum og er á staðnum.

Bolurinn í ár var hvítur langerma bolur og aftan á bolnum var ljósmynd eftir Önnu Maggý þar sem merking FO er skilgreind: FO /eff, o/ „Skýr og afgerandi afstaða gegn kynbundnu ofbeldi – alltaf allsstaðar.“

Vodafone var bakhjarl átaksins og hefur verið til margra ára, en fyrirtækið greiðir fyrir framleiðslukostnað vörunnar og gerir UN Women á Íslandi þannig kleift að senda allan ágóða til verkefna. Sala á bolnum gekk mjög vel og seldust 1.153 bolir fyrir rúmlega 11 milljónir króna sem runnu til verkefna er miða að því að uppræta kynbundið ofbeldi í Mið-Afríkulýðveldinu. Upphæðin gerir UN Women í Mið-Afríkulýðveldinu meðal annars kleift að efla sálræna þjónustu til kvenna á borð við Salimu og ná til trúarleiðtoga, höfðingja og fjölmiðla með fræðslu um skaðsemi kynbundis ofbeldis og siða á borð við kynfæralímlestingu og þvingaðra barnahjónabanda.



FO bolur UN Women árið 2021.

SAGA SALIMU

„Eftir að hafa setið fræðslufund á vegum UN Women um mikilvægi sálrænnar aðstoðar í kjölfar áfalla, ákvað ég að kynna mér málið betur. Miðstöðvarnar sem UN Women rekur fyrir þolendur kynbundins ofbeldis veittu mér kraft og öruggt rými til þess að tjá mig og mér leið sem þungu fargi væri af mér létt.“ Salima er ein þeirra þúsunda kvenna sem hafa nýtt sér verkefni UN Women í Mið-Afríkulýðveldinu sem styðja við þolendur kynbundins ofbeldis. Konurnar geta sótt sér sálræna aðstoð í miðstöðvunum og stuðning, lagalega aðstoð og heilbrigðisþjónustu. Saga Salimu er átakanleg en hér lýsir hún hræðilegum aðstæðum sem hún upplifði með börnunum sínum:

„Eiginmaður minn var sonur þorpshöfðingja og átti margar geitur. Saman áttum við tvær dætur og stórar fjölskyldur. Þegar átökin hófust 2013 neyddumst við til þess að vera á stöðugum flóttu til að tryggja öryggi okkar og hjarða okkar. Einn dag, þegar við vorum nærri landamærunum við Kamerún var ráðist á okkur. Ég hélt á sex mánaða dóttur okkar í fanginu og eldri dóttir okkar var við hlið mér þegar við urðum vitni að því þegar hermenn myrtu manninn minn, bræður hans og mína og hirðingjana okkar. Ég stóð stjörf við líkin þeirra þegar hermennirnir snéru sér að mér, skáru af mér hárið með sveðju og skáru hægri brjóst mitt sem síðar varð svo sýkt



að það varð mér næstum að aldurtíla. Þegar ég frétti að þeir höfðu brennt aldraðan föður minn lifandi, hrundi allt. Ég gat ekki meira. Ég varð dofin og sinnalaus og á endanum var ég lögð inn á geðdeild, þar sem ég lá hlekkjuð við rúmið mitt í sex mánuði. Í dag get ég talað um það sem gerðist og reynt að vinna mig úr áföllunum með aðstoð annarra. UN Women og verkefni þeirra hafa verið mín lífsbjörg og veitt mér tækifæri til að byggja mig og líf mitt aftur upp.“

FO húfan „míní herferð“

Fyrri ár hefur UN Women selt fjölbreyttan FO varning, en sennilega hefur enginn varningur verið jafn vinsæll og FO húfan. Á árinu var efnt til lítillar herferðar með húfu sem framleidd var árið 2020 og seldist upp á nokkrum vikum. Bætt var við upplagið og ákveðið að selja þær til þess að safna stökum styrkjum í gegnum söluna.

Um var að ræða stafræna herferð sem var auglýst í gegnum samfélagsmiðla og náði einnig athygli stuðningshópa íþróttafélaga sem vildu nýta tækifærið og styðja opniberlega við baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi með því að skarta húfunni.

Salan gekk mjög vel og seldust 835 húfur fyrir rúmlega 4,5 milljónir. 26 manns skráðu sig í kjölfar herferðarinnar sem Ljósberar og halda þannig áfram að styrkja samtökin mánaðarlega.

Ný lagasetning

Í lok árs 2021 voru sett ný lög á alþingi sem fela í sér heimild fyrir einstaklinga til að draga allt að 350.000 krónur á ári frá skattskyldum tekjum sínum vegna framlaga til góðgerðarmála.

Þessi lagasetning gerir einstaklingum og fyrirtækjum kleift að lækka skattana sína með því að gefa til góðgerðarmála, þar sem heimilt er að draga framlög frá skattstofni. Þetta verkefni fór hægt af stað í lok árs en þetta kemur án efa til með að hafa mjög jákvæð áhrif á einstaklingsframlög og er mikilvægur hvati til þess að auka framlög sem styðja við störf slíkra samtaka. Með þessu hefur aldrei verið jafn auðvelt að styrkja UN Women, láta gott af sér leiða, styðja kvenmiðaða neyðaraðstoð og njóta skattaafsláttar á sama tíma.

Sérstakur styrkur

Á árinu barst okkur einstaklega fallegur styrkur. Funi, ungur drengur sem safnaði framlögum í gegnum vini og vanda menn fyrir UN Women, kom til okkar í desember með afraksturinn. Funi hafði séð grein frá samtökunum í dagblaði hjá afa sínum og ákvað að styðja við starf UN Women. Hann setti því á fót söfnun og tók við framlögum í bekknum sínum og í gegnum vini og ættingja. Funi mætti á Laugaveginum með framlag sitt og tók framkvæmdastýra samtakanna á móti upphæðinni. Það var

hjartnæm stund fyrir okkur að hitta Funa og heyra um verkefnið hans. Sannarlega fallegt framtak og sýnir að hvert einasta mannsbarn getur hjálpað og lagt sitt á vogaskálarnar í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.



Funi setti af stað söfnun til styrktar UN Women á Ísland.

VITUNDARVAKNING

Einn megin stólpi alls starfs UN Women á Íslandi er að fræða og vekja almenning til vitundar um verkefni stofnunarinnar, því fræðsla er ávallt fyrsta skrefið í átt að varanlegum breytingum. Með því að fræða almenning um verkefni UN Women og mikilvægi jafnréttis styrkjum við starf UN Women á heimsvísu. Þetta gerir UN Women á Íslandi m.a. með því að standa fyrir viðburðum, kynningum, samstörfum og átaksherferðum. Árið 2021 var öflugt fræðsluár hjá UN Women á Íslandi og var farið í fjölda stórra samstarfsverkefna, m.a. með Íslandsbanka, Karlmennskunni og öðrum félagasamtökum.

Aha augnablikið

Í upphafi árs hófu UN Women á Íslandi og Íslandsbanki samstarf sitt með framleiðslu á sextán stuttum fræðslumyndböndum. Viðtöl voru tekin við fjölbreyttan hóp einstaklinga um augnablikið þegar þau opnuðu augu sín fyrir mikilvægi jafnréttismála. Alls voru myndböndin skoðuð 167.915 sinnum á miðlum UN Women á Íslandi.

Stóra myndin

Sjónvarpsþátturinn *Stóra myndin: COVID og heimsbyggðin* var sýndur á RÚV þann 11. febrúar. Þátturinn fjallaði um áhrif COVID-19 heimsfaraldursins á líf fólks um allan heim, ekki síst á konur og stúlur í efnaminni ríkjum. Þáttastjórnendur voru Guðrún Sóley Gestsdóttir og Logi Pedro Stefánsson sem nutu aðstoðar sérfræðinga í þróunarsamvinnu sem þekkja stöðuna á viðkvæmum svæðum af eigin raun. Þátturinn var hluti af sameiginlegu fræðsluáttaki íslenskra félagasamtaka í þróunar- og mannúðarstarfi sem nefnist „Þróunarsamvinna ber ávöxt.“ UN Women á Íslandi leiddi verkefnið fyrir hönd félagasamtakanna FFP í samstarfi við verkefnastýru verkefnisins.

8. mars – Alþjóðlegur baráttudagur kvenna og Ring the bell

8. mars er Alþjóðlegur baráttudagur kvenna og er dagurinn markaður með ýmsum hætti um allan heim. UN Women á Íslandi vakti athygli á deginum með greinaskrifum, en einnig með því að taka þátt í Ring the bell sem Nasdaq Iceland (Kauphöllin), Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) og Samtök atvinnulífsins (tengiliður UN Global Compact), stóðu fyrir í fjórða sinn. Ring the Bell er ætlað að hvetja kauphallir um allan heim til að bæta jafnrétti kynjanna á mörkuðum sínum. Enn hallar töluvert á hlut kvenna þegar kemur að stjórnunarstöðum þeirra fyrirtækja sem skráð eru í kauphöllum um allan heim.



Fida Abu Libdeh í Skuggafaraldurs herferð UN Women.

Þema UN Women fyrir Alþjóðlegan baráttudag kvenna árið 2021 var #ChooseToChallenge og vakti máls á kynjahlutdrægni og ójafnrétti samhlíða því að fagna vinnu og afrekum kvenna. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og ráðherra jafnréttismála, var heiðursgestur og hringdi opunarbjöllu markaða þann 8. mars. Vegna samkomutakmarkana sökum COVID-19 var viðburðinum streymt þetta árið.

Jákvæð karlmennska

UN Women á Íslandi var hluti af átaksverkefninu Jákvæð karlmennska ásamt Háskóla Íslands, Píeta samstökunum og Stígamótum. Verkefnið var leitt af Þorsteini Einarssyni sem heldur úti fræðsluáttakinu Karlmennskunni og var unnið með styrk úr Jafnréttissjóði Íslands. Átakið stóð yfir dagana 15. - 26. mars og var í formi fræðsluherferðar sem sniðin var að samfélagsmiðlum. Markmiðið var að vekja athygli á jákvæðri karlmennsku og fræða karlmenn og drengi um hvað felst í henni.

Jákvæð karlmennska felur í sér að taka afstöðu gegn ofbeldi, að trúa og styðja brotþola og vita að ofbeldi er alltaf á ábyrgð þeirra sem beita því en er aldrei brotþola að kenna.

UN WOMEN HÁSKÓLI ÍSLANDS Stígamót PÍETA

Skuggafaraldur

Verkefnið *Gleymum ekki einum heimsfaraldri í skugga annars* var samfélagsmiðlaherferð og fjáröflunar- og fræðsluverkefni með það að markmiði að fá almenning til að skrá sig sem mánaðarlega styrktaraðila UN Women á Íslandi. Herferðinni var ætlað að auka vitund um kynbundið ofbeldi, verkefni UN Women og auka sýnileika samtakanna.

Myndband var framleitt sem fjallaði um hvernig ofbeldi gegn konum og stúlkum hefur aukist á tímum COVID-19; neyðina sem skuggafaraldurinn er, og hvað UN Women gerir til að bregðast við því. Alls horfðu um 73.700 einstaklingar á myndbandið.



Mars Proppé var viðmælandi í Röddum kynslóðar jafnréttis.

Raddir kynslóðar jafnréttis

Árið 2020 hófst alþjóðlegt átak sem ber yfirskriftina Kynslóð jafnréttis (Generation Equality) sem UN Women leiðir ásamt ríkisstjórnnum Mexíkó og Frakklands. Átakið hefur það markmið að hraða framförum á þeim sviðum þar sem enn hallar á konur og stúlkur. Sex aðgerðabandalög

voru sett á laggirnar í tengslum við átakið og leiðir ríkisstjórn Íslands eitt þeirra, aðgerðabandalag gegn kynbundnu ofbeldi.

UN Women á Íslandi vildi vekja athygli og áhuga á atakinu, en jafnframt beina kastljósinu að því að enn sé töluvert langt í land hvað varðar kynbundið jafnrétti hér á landi. Ákveðið var að ráðast í gerð innslaga undir heitinu *Raddir kynslóðar jafnréttis*. UN Women hóf að birta viðtölin á miðlum sínum um mitt árið 2021. Viðtöl voru tekin við sérfræðinga, aðgerðasinna og forsvarsfólk stofnana sem öll eiga það sameiginlegt að vinna í þágu jafnréttis með sínum hætti. Kastljósinu var meðal annars beint að íslenska skólakerfinu, dómskerfinu, baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi, loftslagsréttlæti og hvernig megi betur virkja karlmenn og samfélagið allt í baráttunni fyrir jafnrétti.

Viðtölin birtust u.þ.b. mánaðarlega á heimasíðu UN Women (unwomen.is) og á samfélagsmiðlum samtakanna. Viðtölin eru bæði skrifleg og í formi myndbanda til að gera þau aðgengilegri öllum. Viðtalsröðin hefur þegar vakið nokkra athygli og má finna öll viðtölin sem birt hafa verið á heimasíðu samtakanna og á Youtube rás UN Women á Íslandi.

Kynslóð jafnréttis málþing

UN Women á Íslandi, Kvenréttindafélagið, Ungar athafnakonur, Landssamband ungmennafélaga, Stígamót, stýrihópur íslenskra stjórnvalda og franska sendiráðið stóðu fyrir áhugaverðri málstofu um átaksverkefnið Kynslóð jafnréttis (Generation Equality) í tilefni ráðstefnunnar sem fram fór í París þar sem verkefninu var formlega ýtt úr vör, þann 2. júlí.

Á málstofunni var alþjóðaverkefnið Kynslóð jafnréttis kynnt og efnt til umræðna um áherslur íslenskra stjórnvalda á vettvangi þess. Frummælendur ræddu um áskoranir er varða kynbundið og kynferðislegt ofbeldi, einkum í tengslum við aðra bylgju #metoo hreyfingarinnar á Íslandi og hvaða áhrif þátttaka Íslands í verkefninu getur haft á alþjóðavettvangi. Meðal framsögufólks voru Drífa Jónasdóttir, Þorsteinn Einarsson, Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir og Hanna Björg Vilhjálmadóttir. Fanney Birna Jónsdóttir, fjölmiðlakona fór með fundar- og umræðustjórn.



Stella Samúelsdóttir ásamt Christinu Lamb.

Líkami okkar, þeirra vígvöllur

UN Women á Íslandi bauð upp á einstakan viðburð með Christinu Lamb, fréttastjóra erlendra fréttanna hjá The Sunday Times og margverðlaunaðs rithöfundar. Viðburðurinn fór fram 14. október í Veröld, húsi Vigdísar og þar fjallaði Lamb um inntak nýjustu bókar sinnar *Líkami okkar, þeirra vígvöllur*. Bókin er gríðarlega mikilvæg heimild um sértæk áhrif stríðs á konur, beitingu kynferðisofbeldis og nauðgana sem vopni í stríðsátökum og afleiðingum þeirra á líf kvenna og samfélaga þeirra.

Að loknu erindi Lamb fóru fram afar áhugaverðar pallborðsumræður þar sem *Salvator Nkurunziza*, yfirmaður landsskrifstofu UN Women í Mið-Afríkulyðveldinu, *Erna Huld Ibrahimsdóttir*, þýðandi, túlkur og kynjafræðingur, og *Íris Björg Kristjánsdóttir*, sérfræðingur í friði, öryggis- og mannúðarmálum hjá svæðisskrifstofu UN Women í Evrópu og Mið-Asíu, ræddu meðal annars hvort nauðgunum sé beitt markvisst í hernaði, hvers vegna það sé svo öflugt vopn í stríði og afleiðingar þess á líf kvenna og samfélög.

Christina Lamb hefur starfað sem fréttaritari í meira en þrjú áratugi og hefur fyrst og fremst flutt fréttir af átakasvæðum fyrir The Sunday Times. *Líkami okkar, þeirra vígvöllur* er níunda bók Lamb en aðrar eru t.a.m. *The girl from Aleppo*, *Farewell Kabul* auk þess sem hún er meðhöfundur að bókinni *I am Malala*.



Konur sækja vatn í flóttamannabúðum í Kamerún.

Hvað er kvenmiðuð neyðaraðstoð?

Stríðsátök hafa ólík áhrif á líf fólks eftir stöðu þeirra og kyni. Á meðan karlmenn eru líklegri til að deyja í átökum eru konur líklegri til að verða fyrir kynbundnu ofbeldi, mansali og búa við skort þegar stríðsátök geisa. Þá hefur nauðgunum markvisst verið beitt sem stríðsvopni í fjölda landa um allan heim, meðal annars í Mjanmar, Sírlandi, Sierra Leone og Eþíópíu.

UN Women hefur lagt mikla áherslu á að kvenmiðuð neyðaraðstoð sé veitt á áttatímum, ekki aðeins í sínum verkefnum heldur einnig verkefnum annarra viðbragðsaðila og stofnana Sameinuðu þjóðanna. En hvað nákvæmlega felur kvenmiðuð neyðaraðstoð í sér?

Fyrst og fremst þýðir það að tekið sé mið af þörfum **allra** þegar neyðaraðstoð er veitt. Fólk af ólíkum stéttum, uppruna, kyni, kynhneigð, aldri og efnahag hefur ólíkar þjargir og ólíkar þarfir á neyðartímum. „Ein stærð fyrir alla“ nýtist því ekki jaðarsettustu hópnum þegar stríð skellur á.

- Upplýsingagjöf þarf að vera skilmerkileg og aðgengileg (þarf að vera í formi fræðsluhópa í ríkjum þar sem læsi meðal kvenna er lágt)
- Starfsfólk hjálparsamtaka og friðargæsluliðar þurfa að vera af öllum kynjum svo hægt sé að tryggja öryggi kvenna. Í Mið-Afríkulýðveldinu hafa konur verið beittar kynbundnu ofbeldi bæði af hendi skæruliðahópa og friðargæsluliða sem eiga að veita þeim vernd. Árið 2020 voru konur aðeins 5,2% allra friðargæsluliða á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þetta endurspeglar lágt hlutfall kvenna í herþjónustu um


allan heim. Starfsfólk þarf jafnframt að fá góða þjálfun og vera vakandi fyrir hættumerkjum.

- Kynjaskipt baðaðstaða, salerni og vatnsbrunnar þurfa að vera til staðar innan flóttamannabúða til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi. Aðgengi og lýsing á þessum stöðum þurfa að vera góð. T.d. mega salerni ekki vera staðsett í útjaðri búðanna ef tryggja á öryggi kvenna.
- Neyðarpakkar og matarúthlutunarir eru oft of þungar fyrir konur, aldraða og fólk með fatlanir. Matarúthlutunarir þurfa að taka mið af ólíkum hópum. Mæður með ungbörn geta t.d. ekki staðið lengi í röðum eftir matarpökkum.
- Matarpakkar þurfa jafnframt að taka tillit til næringarþarfa kvenna – óléttar konur þurfa t.d. aukið járn og aðra næringu fyrir sig og ófætt barn sitt.
- Þjónusta fyrir þolendur kynbundins ofbeldis þarf að vera á staðnum og aðgengileg öllum. Athvörf fyrir þolendur heimilisofbeldis þurfa einnig að vera á staðnum.
- „ONE STOP“ miðstöð þarf að vera á öllum móttökustöðum/flóttamannabúðum þar sem konur fá upplýsingar um réttindi sín, fá heilbrigðisþjónustu, sálræna aðstoð, sæmdarsett og fjárhagsaðstoð ef þarf.
- Skólar og dagvistunarúrræði þurfa að vera til staðar til að koma í veg fyrir brottfall stúlkna úr námi og þvinguð barnahjónabönd.
- Tryggja þarf túlka af öllum kynjum svo konur geti verið óhræddar við að tjá þarfir sínar.

25. nóvember

25. nóvember ár hvert markar upphaf alþjóðlegs 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi. UN Women á Íslandi hefur síðustu ár staðið fyrir Ljósagöngu þennan dag þar sem athygli er vakin á málefnum. Þetta ár, líkt og árið á undan, var Ljósaganan felld niður vegna mikilla fjölda COVID-19 smita og samkomutakmarkanna.

Þess í stað voru byggingar lýstar upp í appelsínugulum lit (Orange the World), þ.m.t. Harpan, Gróttuviti, bygging Hafrannsóknarstofu við Hafnarfjarðarhöfn, Háskóli Íslands, Utanríkisráðuneytið og Stjórnarráðið. Framkvæmdastýra skrifaði grein í tilefni dagsins sem birt var í fjölmiðlum og fjallað var um daginn og gjörninginn í kvöldfréttum RÚV.





KYNNINGARSTARF OG FRÆÐSLA

UN Women á Íslandi leggur mikinn metnað í að halda úti öflugu kynningarstarfi innan fyrirtækja, stofnana, skóla og á hinum ýmsu viðburðum um málefni sem snerta konur, jafnrétti, réttindabaráttu og stöðu kvenna og

stúlkna. Kynningarsvið UN Women á Íslandi sinnir þessu hlutverki ásamt Ungmennaráði samtakanna og framkvæmdastýru.

Aukin áhersla hefur verið lögð á upplýsandi efni um störf

landsnefndarinnar og UN Women á heimsvísu á heimasíðu samtakanna og á samfélagsmiðlum þeirra. Kynningarsvið UN Women á Íslandi sér um ritstjórn heimasíðu og hefur síðan mitt ár 2021 einsett sér að efla fréttlaflutning og

KYNSLÓÐ JAFNRÉTTIS

Alheims áttakinu Kynslóð jafnréttis (Generation Equality) var hleypt af stokkunum í Mexíkó í mars 2021. Í Mexíkó voru sex aðgerðabandalög Kynslóðar jafnréttis kynnt og kallað var eftir bráðum aðgerðum til framkvæmdar og fjármagni, þróuð marghliða femínísk dagskrá til að skerpa á framtíðarsýn alþjóðaráðstefnunnar Generation Equality Forum í París.

Á ráðstefnunni í París fóru fram mikilvægar umræður kynbundið jafnrétti, sértæk áhrif loftslagsbreytinga á konur og stúlkur um allan heim og samtöl um mikilvægi grasrótahreyfinga og ungra aktívista í baráttunni fyrir jöfnum rétti. Fjöldi aktívista, þjóðarleiðtoga og fulltrúar alþjóðastofnana og viðskiptalífsins tóku þátt á ráðstefnunni í París, sem var streymt beint vegna COVID-19 takmarkana, þeirra á meðal voru Hillary Clinton, Phumzile Mlambo-Ngcuka fyrrverandi framkvæmdastýra UN Women, Emmanuel Macron forseti Frakklands og Darren Walker, forseti Ford Foundation.

Átakið Kynslóð jafnréttis er rekið af UN Women og inniheldur sex



Hillary Clinton og aðgerðarsinninn Julieta Martínez frá Síle á ráðstefnunni.

aðgerðabandalög (e. Action Coalitions of Generation Equality) en hvert og eitt aðgerðabandalag hefur þróað markmið til næstu fimm ára. Aðgerðabandalögin eru:

1. Aðgerðabandalag gegn kynbundnu ofbeldi
2. Aðgerðabandalag um efnahagsleg réttindi og réttlæti
3. Aðgerðabandalag um líkamlegt sjálfræði og kyn- og frjósemisréttindi (SRHR)

4. Aðgerðabandalag um femínískar aðgerðir í þágu loftslagsréttlætis
5. Aðgerðabandalag um tækni og nýsköpun í þágu jafnrétti kynja
6. Aðgerðabandalag um femínískar hreyfingar og forystu

Ísland er meðal forysturíkja átaksins og var valið til að leiða aðgerðabandalagið um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi ásamt Bretlandi, Kenýa og Úrúgvæ. Íslensk stjórnvöld kynntu skuldbindingar sínar innanlands á árinu. Skuldbindingar Íslands eru 23 talsins og hafa að markmiði að uppræta kynbundið ofbeldi með auknum forvörnum, bættu samráði um aðgerðir gegn ofbeldi og eflingu þjónustu og stuðningsúrræða við bæði þolendur og gerendur. Lögð verður áhersla á að ná betur til drengja og karla í forvarnarstarfi og að ráðist verði í aðgerðir gegn stafrænu kynferðisofbeldi og úrbætur í réttarvörsluferfinu sem fylgi eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar í málaflokknum.

Þá munu íslensk stjórnvöld auka framlög sín til UN Women um eina milljón Bandaríkjadala, eða sem nemur rúmum 123 milljónum króna, til næstu tveggja ára.

upplýsingagjöf í gegnum fréttasíðu unwomen.is.

Starfskonur UN Women kynntu starf UN Women t.a.m. í Háskóla Íslands við mann- og þróunarfræðideild sem og í lýðheilsuvísindum auk þess að halda kynningu í lögfræðiafanga í Háskólanum í Reykjavík um þvinguð barnahjónabönd og áhrif þess skaðlega siðar á líf kvenna. Starfskonur samtakanna héldu margvísleg erindi og tóku þátt í ýmsum viðburðum og héldu kynningar fyrir fjölda fyrirtækja og starfsfólks.

Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar gegna veigamiklu hlutverki þegar kemur að kynningarstarfi og fjáröflun UN Women á Íslandi. Farið var í töluverðar umbætur á öllum helstu miðlum samtakanna á árinu. Sótt var um auglýsinga-styrk frá Google og var hann samþykktur og ákveðið var að efla viðveru samtakanna á LinkedIn.

Aukin áhersla var lögð á að afla fylgjenda á Instagram sem skilaði nærri tvöfalt fleiri fylgjendum en árinu

áður. Samtökin halda áfram að fjölga fylgjendum sínum, auka sýnileika sinn á öllum helstu samfélagsmiðlum og auka viðbrögð fylgjenda við færslum.

Á árinu var jafnframt ákveðið að efla fréttaflutning á heimasíðu samtakanna, Aukin fréttaskrif og umfjallanir um verkefni UN Women á heimsvísu auðveldar almenningi að afla sér upplýsinga um störf samtakanna. Að auki styður fréttaflutningur við samfélagsmiðla UN Women þar sem hægt er að deila efni af heimasíðunni á samfélagsmiðlana.

65. Kvinnanefndafundur Sameinuðu Þjóðanna

65. kvinnanefndarfundur Sameinuðu þjóðanna (CSW65) fór aftur fram rafrænt í ár vegna heimsfaraldurs COVID-19. Fundurinn var haldinn í New York um miðjan marsmánuð. Eingöngu fastanefndir aðildaríkja ásamt kvennasamtökum staðsettum í New York tóku þátt á fundinum, en hann var þó aðgengilegur öllum í gegnum beint streymi. Þema kvinnanefndarfundarins

þetta árið var Árangursrík og full þátttaka kvenna við ákvarðanatökur í opinberu lífi og útrýming ofbeldis, til að ná jafnrétti og valdeflingu allra kvenna og stúlkna. Samantektir UN Women hafa sýnt að framfarir í jafnréttismálum eru enn alltof hægar og að:

- Konur fylla aðeins 25% þingsæti á heimsvísu
- Aðeins þrjú lönd hafa 50% eða fleiri konur á þingi, innan við eitt prósent eru konur yngri en 30 ára
- Konur eru aðeins 13 prósent samningsaðila, 6% sáttasemjara og aðeins 6% undirritaðra í formlegum friðarferlum
- Árið 2020 voru aðeins 7,4% af Fortune 500 fyrirtækjum rekin af konum
- Aðeins 24 lönd í heiminum eru leidd af konum

Að venju voru ýmsir áhugaverðir hliðarviðburðir skipulagðir í kringum hinn árlega kvinnanefndafund, en þeir voru allir rafrænir sökum faraldursins.

UNGMENNARÁÐ UN WOMEN Á ÍSLANDI

Öflugt ungmennaráð samtakanna samanstendur af sjö ungum einstaklingum með brennandi áhuga á kjarnamálefnum samtakanna. Ungmennaráð UN Women á Íslandi styður dyggilega við starf UN Women á Íslandi og sinna ýmiss konar fjáröflunum og fræðslutengdum verkefnum fyrir samtökin. Ungmennaráðið sér um kynningarstarf í grunn- og framhaldsskólum landsins fyrir hönd UN Women á Íslandi. Kynningarstarf í miðjum heimsfaraldri var viss áskorun líkt og árið áður en ungmennaráðið lét það ekki á sig fá og hélt dampi. Verkefnið Femínistar tala hélt áfram á Instagram síðu ráðsins með góðum árangri, þar sem ungmennaráðið fékk til liðs við sig þjóðþekkt einstaklinga til að ræða um sinn femínisma og tengd málefni. Ungmennaráðið hélt Vorþingó á Zoom með góðum árangri, þar sem allur ágóði rann til samtakanna. Ungmennaráðið hélt einnig glimrandi flott „Pöb kviss“ í Stúdentakjallaranum. Ungmennaráð UN Women er gríðarlega mikilvægt fyrir samtökin á Íslandi það var stofnað í september 2012 og hafa öll ungmenni 16 - 30 ára kost á að taka þátt í starfinu.



Efri röð: Hulda Sif Högnadóttir, Líney Helgadóttir, Sólrún Reynisdóttir, Gerður Ævarsdóttir og Erna Benediktsdóttir. Neðri röð: Védís Drótt Cortez og Fönn Hallsdóttir.



UN Women styður við fjárhagslegt sjálfstæði kvenna með ýmsum leiðum.

FJÁRMÁL

Á árinu 2021 jukust tekjur UN Women á Íslandi um 13% milli ára og námu rúmlega 260 m.kr. Framlög Ljósbera, mánaðarlegra styrktaraðila samtakanna, voru líkt og síðastliðin ár helsta fjáröflunarleið samtakanna og jukust þau um 3% á milli ára og námu rúmum 188 m.kr. Annað söfnunarfé frá einstaklingum og fyrirtækjum og sala á varningi nam 26.560.892 kr. Rekstrartekjur til fjáröflunar og kynningarmála sem og aðrir styrkir námu rúmum 45 m.kr, þar af komu 13 milljónir frá utanríkisráðuneytinu í formi kynningarstyrkja og vinnu við Barbershop úttekt og 2 milljónir frá forsætisráðuneytinu til undirbúnings hliðarviðburðar fyrir Kvennafndarfund SP.

Ljósberar UN Women á Íslandi eru bakbein samtakanna og skipuðu lykilsess í fjáröflun samtakanna árið 2021, en lang stærsti hluti framlaga UN Women á Íslandi til verkefna UN Women á heimsvísu kom frá Ljósberum. Ómetanlegur stuðningur Ljósbera hélst á árinu þrátt fyrir mikla óvissu á COVID tímum. Kostnaður við fjáröflun, fræðslu- og kynningastarf nam 109.615.947 m.kr. sem var 15% hækkun frá árinu áður, sem skýrist af aukningu um eitt stöðugildi á skrifstofu og fjölgun starfsfólks í úthringiveri og götukynningum á árinu.

Framlag UN Women á Íslandi til alþjóðlegra verkefna UN Women fyrir árið 2021 hækkaði á milli ára um 11% og nam rúmlega 152 m.kr. Framlögin gerðu UN Women kleift að styðja við verkefni sem voru mest aðkallandi á árinu og var sérstök áhersla lögð á að að bregðast við COVID-19 faraldrinum og áhrifunum sem hann hefur haft á konur og stúlkur og þá sérstaklega „Skuggafaraldur“ kynbundins ofbeldis

sem og að styðja við konur í neyð eins og í Afganistan og Mið-Afríkulyðveldinu. Að vanda var stutt við hið mikilvæga starf Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum líkt og fyrri ár. Vegna framlaga og styrkja frá fyrirtækjum og opinberum stofnunum til reksturs, fjáröflunar og kynningarstarfs var mögulegt að senda 71% af öllu söfnunarféi samtakanna til alþjóðlegra verkefna UN Women.

HELSTU TEKJUR OG GJÖLD

TEKJUR

Söfnunarfé Ljósbera til verkefna UN Women	188.291.335
Annað söfnunarfé til verkefna UN Women	26.560.892
Félagsgjöld	718.500
Kynningarstyrkir frá utanríkisráðuneytinu	13.000.000
Styrkir til fjáröflunar- og kynningarstarfs á Íslandi	32.099.746
SAMTALS	260.670.473

ÚTGGJÖLD

Kostnaður við fjáröflun	68.800.760
Kostnaður við fræðslu- og kynningarstarf	26.361.035
Annar rekstrar- og stjórnunarkostnaður	14.454.242
SAMTALS	109.615.947

Framlög til verkefna UN Women

Afganistan	2.100.000
Mið-Afríkulyðveldið	11.500.000
Styrktarsjóður SP til afnáms ofbeldis gegn konum	9.100.000
Framlag í kjarnasjóð UN Women	129.353.423
Heildarframlag til verkefna UN Women	152.053.423



Ung stúlka horfir yfir húsarústir í Gaza, Palestínu.

STUÐNINGUR UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS VIÐ STARF UN WOMEN

UN Women á Íslandi hefur átt í margra ára farsælu samstarfi við utanríkisráðuneytið, en árið 2021 markaði tímamót þar sem í fyrsta sinn var ekki rammasamningur í gildi á milli aðila. Hins vegar studdi utanríkisráðuneytið við starf UN Women á Íslandi með kynningarstyrkjum sem gerðu landsnefndinni kleift að halda úti öflugum götukynningum og vekja athygli á „Skuggafaraldri kynbundins ofbeldis“ samhliða COVID-19 heimsfaraldrinum.

UN Women er ein af fjórum áherslustofnunum í fjölbjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Á árinu 2021 nam heildarframlag utanríkisráðuneytisins til UN Women tæplega 217 milljónum króna. Veitt var kjarnaframlag til UN Women sem nam 134 milljónum króna sem er starfi stofnunarinnar afar mikilvægt til áframhaldandi uppbyggingar. Kjarnaframlagið tryggir UN Women svigrúm til að veita fé til aðkallandi verkefna til að mynda á átaka- og hamfarasvæðum þar sem bregðast þarf skjótt við. Tæplega 32 milljóna króna framlagi var varið í verkefni vegna sýrlenskra flóttamanna til UN Women í Tyrklandi, og 30 milljónir fóru til skrifstofunnar í Jórdaníu einnig vegna verkefna tengdum sýrlenskum flóttamönnum. Framlag til skrifstofu UN Women í Palestínu var 21 milljón króna.



*Deyanira Cordoba tînir kaffibaunir í fjalllendi Kólumbíu.
UN Women styður við atvinnusköpun kvenna um allan heim.*

OVERVIEW

Monthly donations

Contributions from monthly donors (named Ljósberar in Icelandic) and grants from the private and public sector are UN Women Iceland's main source of income. These donations allow the Icelandic National Committee to continue its support to UN Women lead projects across the world.

The number of monthly donors, who remain the organization's main fundraising source, continues to increase steadily. As in previous years, 85% of the National Committee's contribution in 2021 was raised with grants from monthly donors.


Most of UN Women Iceland's contributions were spent on core contributions that fund the bedrock of UN Women's programmes worldwide. Core donations are critical for UN Women to leverage its unique mandate that includes normative support, UN system coordination and programmes on the ground. Regular resources enable UN Women to have a global reach and to have universal presence also in fragile contexts, such as in conflict and post-conflict zones.

The NCI also continued its support to the United Nations Trust Fund to End Violence against Women with its annual FO campaign.

1159 monthly donors joined the NCI in 2021. The donor group consists of people of all ages. For the first time since the foundation of the NCI, 49% of new monthly donors were male. Our loyal monthly donor base continues to enable the NCI to send the highest total contribution of all National Committees, not per capita but in real terms, for the sixth consecutive year.

Through one-one-one conversations with donors, UN Women Iceland's telemarketing team was able to increase individual monthly donor contributions by 13% since 2019.

The graph shows the growth of monthly donors since 2014.



Symbolic Gifts

In November UN Women Iceland introduced two new symbolic Christmas gifts; A dignity kit for a woman in Afghanistan which cost 1.900 ISK; and three counselling sessions for a widow in Gaza, Palestine which cost 3.500 ISK. In addition, UN Women Iceland also used the symbolic Christmas gift from the previous year, which was financial support for a girl in Malawi to return to school, due to its success. A mini-Christmas campaign boosted sales of the FO beanie as well.

FO Campaign

UN Women Iceland has successfully sold FO beanies since 2016, in support of UN Women projects that focus on eliminating gender-based violence. Last year UN Women Iceland launched the very first FO long sleeve shirt which sold out in two days. This year, UN Women Iceland launched a second long sleeve shirt in a different colour and with a different design. A shipment of 2.500 shirts were ordered and sold at 9.900 ISK. Sales were good, but the shirt had not sold out by the end of the year. 11,5 million ISK were raised through the sales of the shirt and were allocated to UN Women lead projects in Central-African Republic with the aim of ending GBV. The earmarked funds to CAR support initiatives that aim to empower survivors of GBV economically and provide them with psychological support, and educational talks to survivors, religious leaders, and local chiefs about the harm of GBV and how to work towards ending it.

Afghanistan Text-to-give Campaign and Other Campaigns

UN Women Iceland launched a text-to-give campaign in support of Afghan women and girls following the Taliban takeover. UN Women Iceland also launched the Shadow-pandemic public awareness campaign, focusing on the global increase in domestic violence amid the COVID-19 health crisis. A video highlighting the alarming upsurge in domestic violence during COVID-19 was launched on social media. The call to action was to encourage the public to support UN Women's project by signing up as monthly donors. UN Women Iceland also teamed up with Karlmennskan to create a social media campaign teaching positive masculinity with the aim of giving men and boys the chance to rethink toxic ideas about maleness.

Educational Visits and Social Media Presence

UN Women's communication team and youth council carry out important educational visits to private companies, organizations, schools and at various events on issues concerning women, climate change and gender equality. UN Women Iceland has increased its social media presence over the past four years and uses the platforms to provide information on UN Women projects and the National Committee's work. In August 2021, the communication's team set the goal of increasing engagement on UN Women Iceland's website and lowering the site's bounce rate to reach more people. The communication's team has done so by increasing the number of news articles published weekly on the website. This in turn generated more media mentions in 2021.

UN Women Iceland set the goal to boost its social media presence in 2021 and in doing so doubled its followers on Instagram.

UN Women Youth Council

UN Women's youth council is composed of seven young individuals between the ages 16 and 30. Its members promote gender equality and awareness on UN Women projects through their school visits and social media. The youth council also organized numerous fundraising events in 2021, including a pub quiz and a virtual 'spring bingo'.

UN Women Iceland's Events

UN Women Iceland, the steering committee of GE, the Embassy of France in Iceland and numerous CSOs organized an event in connection with the Generation Equality Forum which took place in Paris 30. June – 2. July 2021. As the Icelandic Government leads the action coalition on Gender Based Violence, the panel discussion focused on issues related to GBV on a national and global scale. The event took place in Veröld, hús Vigdísar.

In October, UN Women Iceland organized an event with the journalist and author Christina Lamb, who is currently the chief foreign correspondent for The Sunday Times. Lamb discussed her latest book, titled *Our Bodies, Their Battlefield: War Through the Lives of Women*. The book chronicles the use of rape as a weapon of war. Lamb visited warzones in the Congo, Rwanda, Nigeria, Bosnia, and Iraq, and recorded the harrowing stories of survivors. Other panelists included Salvator Nkurunziza, Head of Office UN Women CAR, Íris Björg Kristjánsdóttir a migration and humanitarian specialist at UN Women in Turkey, and Erna Huld Ibrahimsdóttir, translator and gender specialist from Afghanistan. The event received much public attention due to Christina Lamb's reputation and was well attended.

Government Support

UN Women Iceland received financial support from the Ministry of Foreign Affairs in the form of grants for promotional and advocacy work. This enabled UN Women to launch the Shadow Pandemic campaign and carry out F2F.

In 2021, the Ministry of Foreign Affairs' total contribution to UN Women amounted almost ISK 217 million. A core contribution of ISK 134 million was made to UN Women HQ, which is an important part of the agency's work and enables UN Women to have a global reach and to have universal presence also in fragile contexts, such as in conflict and post-conflict zones.

The Ministry of Foreign Affairs also allocated earmarked funds to UN Women projects in Jordan, Turkey, and Palestine amounting to ISK 83 million.

Challenges

COVID-19 restrictions made face-to-face fundraising difficult in 2021. UN Women Iceland's fundraising team had to establish new ways to recruit new monthly donors and placed increased focus on fundraising by phone.

VIÐ ERUM UN WOMEN Á ÍSLANDI...



Starfskonur UN Women á Íslandi 2021

Framkvæmdastýra: Stella Samúelsdóttir

Fjáröflunarstýra: Snædís Baldursdóttir og Vilborg Garðarsdóttir (frá september)

Kynningarstýra: Marta Goðadóttir

Rekstrarstýra: Áslaug Ármannsdóttir (hóf 50% starf í lok mars og 100% starf í júlí)

Sérfræðingur í stafrænni miðlun: Vera Líndal Guðnadóttir (hóf störf í maí)

Sérfræðingur á kynningarsviði: Sara McMahon (kom úr fæðingarorlofi í júní)

Fjáröflunarfulltrúi: Krista María Finnbjörnsdóttir

Stjórn UN Women á Íslandi er skipuð formanni auk níu stjórnarmeðlima. Stjórn er kosin til tveggja ára í senn á aðalfundi félagsins. Aðalfundur UN Women á Íslandi 2021 fór fram í gegnum Zoom þann 29. apríl. Breytingar urðu á stjórn frá árinu áður þegar Sigríður Þóra Þórðardóttir ungmennaráði, Fanney Karlsdóttir, Soffía Sigurgeirsdóttir og Þórey Vilhjálmsdóttir létu af sæti í stjórn og í staðinn voru Anna Steinsen, Áslaug Eva Björnsdóttir, Fida Abu Libdeh og Fönn Hallsdóttir ungmennaráði kosnar í stjórn næstu tvö árin.



Stjórn UN Women á Íslandi 2021-2022

Formaður: Arna Grímsdóttir

Varaformaður: Bergur Ebbe Benediktsson

Gjaldkeri: Kristín Ögmundsdóttir

Stjórnarmeðlimir: Anna Steinsen, Áslaug Eva Björnsdóttir,

Fida Abu Libdeh, Fönn Hallsdóttir (fulltrúi ungmennaráðs),

Kristján Hjálmarsson, Ólafur Elínarson, Ólafur Þ. Stephensen.

ÞAKKIR

Alvotech

Anna Maggý

Baldur Már Arngrímsson

Birna Pétursdóttir

Christina Lamb

Donna Cruz

Dóra Júlía

Drífa Jónasdóttir

Elísabet Gunnarsdóttir

Eliza Reid

Elín Erna Stefánsdóttir

Erna Huld Íbrahimsdóttir

Erna Kristín Stefánsdóttir

Finnborg Salome Sigurjónsdóttir

Forsætisráðuneytið

Franska sendiráðið á Íslandi

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir

Helgi Ómarsson

Hrefna Daníelsdóttir

Hrefna Rósa Sætran

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir

Íris Björg Kristjánsdóttir

Íslandsbanki

Kolbrún Benediktsdóttir

Kolbrún Birna H. Bachmann

Kristbjörg Kjeld

Litróf – umhverfissvottuð

prentsmiðja

Ljósmyndaskólinn

Mars Proppé

Rafiðnaðarsamband Íslands

Reitir fasteignafélag hf.

Saga Garðarsdóttir

Saga Sigurðardóttir

Sjálfboðaliðar

Sólborg Guðbrandsdóttir

Starfsfólk í Veröld, húsi Vigdísar

Ungmennaráð UN Women á Íslandi

Unnur Linda Guðmundsdóttir

Utanríkisráðuneytið

Vilhelm Neto

Vodafone

Þorri Líndal Guðnason

Þorsteinn V. Einarsson

Þórður Helgi Guðjónsson

Þórður Kristinsson



Laugavegi 77, 4. hæð

101 Reykjavík

Sími 552 6200

www.unwomen.is